



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Gunnarsholti, 31. ágúst 2016

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (heildarlög), 674. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 24. ágúst 2016, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun, 674. mál.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og er umsögn stofnunarinnar skrifuð í því ljósi.

Landgræðsla ríkisins telur lagafrumvarp það sem hér liggur fyrir í eðli sínu ágætt en leitast er við að taka saman þau hlutverk sem Umhverfisstofnun hefur nú þegar lögum samkvæmt en snýr hvorki að því að auka við þau eða fækka þeim. Frumvarpið sýnist þannig vera til skýringar á því hlutverki sem stofnuninni er nú þegar falið.

Í ljósi ofangreinds hefur Landgræðsla ríkisins ekki almennar athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp en leyfir sér þó að benda á eitt.

Í 17. gr. er fjallað um landsbundna vöktun en þar segir:

Umhverfisstofnun skal vinna tillögur og samræma vöktunaráætlanir fyrir umhverfi í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir og í samræmi við önnur lög sem hún starfar eftir. Áhersla skal lögð á vöktun þeirra þátta sem lögboðnir eru og til að uppfylla skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur undirgengist. Þá skal stofnunin vinna að greiningu fyrir skýrslur um stöðu umhverfismála á Íslandi.

Í samræmi við ákvæði laga um landgræðslu, ekki síst ákvæða um gróðurvernd og gróðureftirlit, má ljóst vera að Landgræðslu ríkisins er ætlað stórt hlutverk í vernd og vöktun gróðurs og jarðvegs á Íslandi. Þannig væri eðlilegast að Landgræðsla ríkisins ynni áætlun um vöktun gróðurs og jarðvegs en Umhverfisstofnun gæti hins vegar unnið að samræmingu þessarar vöktunar við aðrar slíkar er öðrum þáttum umhverfisins tengjast. Landgræðsla ríkisins leggur til að skerpt verði á þessu hlutverki Landgræðslu ríkisins, e.a. með breytingum þessa efnis á lögum um landgræðslu.

Þá leggur Landgræðsla ríkisins til að orðinu „rannsóknarstofnanir“ verði skipt út fyrir orðið „stofnanir“ enda alls óljóst að ákvæðið taki einungis til sérstakra rannsóknarstofnana.

Virðingarfyllt,

f.h. Landgræðslu ríkisins

Árni Bragason, landgræðslustjóri